

## Umsagnir um íþróttafólk

### Tilnefningar til íþróttamanns ársins 2018 – íþróttakona og íþróttakarl Garðabæjar

#### Konur

#### ***Andrea Sif Pétursdóttir, fimleikakona í Stjörnunni***

Andrea Sif gegndi burðarhlutverki í sigrum kvennaliðs Stjörnunnar í hópfinleikum á árinu sem varð bæði bikarmeistari og Íslandsmeistari árið 2018. Andrea Sif var fyrirliði landsliðs kvenna í hópfinleikum sem keppti á Evrópumóti í hópfinleikum í Portúgal í október þar sem liðið náði 2. sæti, hársbreidd frá sigri. Andrea Sif er ákaflega metnaðarfull íþróttakona sem er dugleg að setja sér ný markmið og ná þeim. Hún leggur sig 100% fram og leiðir lið sitt áfram hvort sem það er félagslið eða landslið með jákvæðni og gleði að leiðarljósi. Hún hefur tvívegis hlotið titilinn íþróttakona Garðabæjar.



#### ***Freydís Halla Einarsdóttir, skíðakona í Ármanni***

Freydís Halla hefur undanfarin ár verið með fremstu skíðakonum Íslands. Hún hefur smám saman verið að bæta sig og klífa ofar á heimslista Alþjóða skíðasambandsins. Freydís Halla stundar nám í háskóla í Bandaríkjunum og keppir þar bæði í háskólamótaröðinni ásamt því að keppa í Norður-Ameríkubikarnum, sem er hluti af næst sterkustu mótaröðinni á eftir heimsbikarkeppninni. Hún var meðal stigahæstu keppenda háskólamótaraðarinnar á austurströnd Bandaríkjanna. Hún var ein 34 kvenna sem fengu keppnisrétt á lokamóti allra háskóla í Bandaríkjunum þriðja árið í röð. Hápunktur vetrarins var þó þátttaka á Vetrarólympíuleikunum í Suður-Kóreu, en þar var Freydís eina íslenska konan sem vann sér inn þátttökurétt. Í stórsvigi náði hún ekki að ljúka keppni, en endaði í 41. sæti í svigi. Hún náði tveimur Íslandsmeistaratitlum í svigi og samhliðasvigi á skíðamóti Íslands. Freydís Halla er einstök íþróttakona með mikinn metnað, ávallt jákvæð og leitar stöðugt leiða til að bæta sig. Þá er hún góð fyrirmynd og hvetjandi fyrir liðsfélaga sína.



#### ***Hulda Clara Gestsdóttir, golfari í GKG***

Hulda Clara Gestsdóttir varð Íslandsmeistari í högguleik í sínum flokki á árinu. Hún var valin í stúlknalandsliðið sem keppti á EM unglunga í Svíþjóð og var valin til að keppa á Ólympíuleikum ungmenna í Argentínu, fyrst íslenskra kylfinga að keppa í golfi á Ólympíuleikum. Hún er afrekskylfingur samkvæmt viðmiðum GSÍ. Hulda Clara hefur sýnt stöðugar framfarir sem kylfingur og er forgjöf hennar 1,2 og árangur í mótum sýnir að þarna er um framtíðarkylfing að ræða sem hefur fulla burði til að feta í fótspor Ólafíu Þórunnar á LPGA mótaröðinni. Hulda Clara sinnir æfingum og keppnum mjög vel og af miklum áhuga. Hún er ávallt brosandi og jákvæð og er drífandi fyrirmynd þeirra sem kynnast henni.



**Irma Gunnarsdóttir, frjálsíþróttakona í Breiðabliki**

Irma Gunnarsdóttir sem keppir fyrir Breiðablik, er í hópi bestu frjálsíþróttakvenna á Íslandi um þessar mundir og var valin „fjölþrautarkona FRÍ 2018“. Hún er á meðal fimm bestu í átta keppnisgreinum (köst, hlaup og stökk). Irma vann nú Íslandsmeistaratitla í sínum aldursflokki og einn í kvennaflokki á árinu. Hún keppti á RIG í langstökki og var þar í öðru sæti og tryggði sér þar með sæti á Norðurlandamóti fullorðinna í langstökki. Irma keppti einnig fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti í fjölþrautum U-23 og tryggði sér þar norðurlandameistaratitil í sjöþraut í flokki 20-22 ára ásamt því að tryggja sér keppnisrétt í greininni á Evrópumeistaramóti U-23 sem fer fram í Finnlandi næsta sumar. Irma er einnig búin að tryggja sér keppnisrétt á Norðurlandamóti í fjölþrautum næsta sumar. Irma setti tvö Íslandsmet í beggja handa kúluvarpi og beggja handa spjótcasti. Irma hefur á undanförunum árum þjálfað yngri flokka í frjálsum með góðum árangri.


**Karlar****Baldur Sigurðsson, knattspyrnumaður í Stjörnunni**

Baldur Sigurðsson þarf varla að kynna fyrir Garðbæingum enda hefur hann verið fyrirliði meistaraflokks karla í knattspyrnu undanfarin ár. Baldur stýrði liði Stjörnunnar alla leið í bikarúrslit síðastliðið sumar þar sem virkilega reyndi á leiðtogahæfni hans og reynslu sem lauk með glæsilegum sigri Stjörnunnar og fyrsta bikarmeistaratitli meistaraflokks karla í knattspyrnu. Baldur var einnig valinn besti leikmaður meistaraflokks karla af þjálfurum liðsins og var í liði ársins sem valið var af fjölmiðlum sem sérhæfa sig í umfjöllum um knattspyrnu.

**Birgir Leifur Hafþórsson, golfari GKG**

Birgir Leifur Hafþórsson trónir enn á toppi íslenskra karlkylfinga og lék á 12 mótum á Evrópumótaröðinni, efsta stigi atvinnumennskunnar í Evrópu. Þar náði hann best 48. sæti á Porsche European Open. Hann lék einnig á 10 mótum á Áskorendamótaröðinni og náði 7. sæti á D+D REAL Czech Challenge mótinu. Hápunktur sumarsins var þó þegar hann leiddi landsliðið á EM atvinnukylfinga í Skotlandi í sumar. Þar tryggðu Birgir Leifur og Axel Bóasson silfurverðlaun. Í tvenndarkeppninni léku þeir ásamt Valdísi Þóru Jónsdóttur og Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur og gerðu þau sér lítið fyrir og sigruðu! Frábær árangur og eitthvað sem stendur upp úr eftir tímabilið.

Birgir Leifur hefur mörg undanfarin ár verið fremsti kylfingur landsins og hefur nú leikið sem atvinnumaður í golfi í rúm 20 ár. Birgir Leifur er frábær fyrirmynd, reglusamur, vinnusamur, ávallt jákvæður og ekki síst þrautseigur. Hann er öflugur liðsmaður, hvetjandi og drífandi.



### **Jón Þór Sigurðsson, skotíþróttamaður í SFK**

Jón Þór er landsliðsmaður í riffilgreininni 50 metra liggjandi riffli og keppir fyrir Skotíþróttafélag Kópavogs. Hann varð Íslandsmeistari í 50 metra liggjandi riffli, með liði sínu SFK í lok apríl og í þriðja sæti í einstaklingskeppninni. Hann varð einnig Íslandsmeistari í 300 metra liggjandi riffli í júlí, bæði í einstaklingskeppninni sem og með liði sínu SFK. Hann varð svo Bikarmeistari STÍ í 50 metra liggjandi riffli í vor. Hann keppti með landsliði okkar á Heimsbikarmótinu í München í lok maí og hafnaði þar í 50. sæti af 63 keppendum. Þá keppti hann einnig á HM í Suður-Kóreu í byrjun september og hafnaði þar í 31. sæti af 52 keppendum. Á Evrópumeistaramótinu í Bakú í Azerbaijan þann 24. júlí í fyrra náði hann þeim frábæra árangri að komast í átta manna úrslit, fyrstur Íslendinga, í 50 metra liggjandi riffli. Hann hafnaði þar í 8.sæti en alls voru keppendur 68 talsins. Jón er Íslandsmethafi í 50 metra liggjandi riffli, bæði með og án final.



### **Pétur Fannar Gunnarsson, dansari í DR**

Pétur Fannar Gunnarsson er tvítugur og hefur átt glæsilegan feril í gegnum árin. Þessu fylgja mikil og ströng ferðalög og æfingar bæði hér heima og erlendis. Hann dansar við Polina Oddr frá Úkraínu sem er 18 ára og eru þau bæði búsett hér í Garðabæ. Þau æfa með dansfélagi Reykjavíkur. Pétur keppir bæði í aldursflokki undir 21 árs og flokki fullorðinna í latín. Pétur og Polina Oddr urðu heimsmeistarar í Latindönsum í U21. árs í París í desember. Þau voru þar með heimsmeistaratitilinn frá því í fyrra. Þau voru í úrslitum í Blackpool í fullorðnum Rising Star og í þriðja sæti U21.árs. Hann vann Italian Open í febrúar. Hann fór í úrslit í flokki fullorðinna á the International Championship. Pétur varð heimsmeistari í U-21 árs og í undanúrslitum á heimsmeistaramótinu í flokki fullorðinna. Hann er yngsti og eini Íslendingurinn til að ná þessum árangri í latín dönsum

Þetta er uppskera þrotlausra æfingar og má segja að árangurinn 2018 sé langt umfram væntingum því þau hafa einnig á árinu mikið keppt í flokki fullorðinna með frábærum árangri.

Á næsta ári tekur við flokkur fullorðinna og þar með ljúka þau ferli sínum í unglingaflokki sem klárlega eitt sterkasta par heims.

